

Skrifstofa Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstæti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. október 2023  
E-2023-258/00.11

## Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025

Vísað er til umsagnarbeiðni sem barst í tölvupósti frá allsherjar- og menntamálanefnd, dags. 10. október 2023. Landsvirkjun hefur kynnt sér efni þingsályktunartillögunnar og þakkar tækifærið til umsagnar.

Þingsályktunartillagan setur fram metnaðarfull markmið og fagnar Landsvirkjun sérstaklega meginmarkmiði í nýsköpun og hugmyndaiðnaði sem miðar að bættri samkeppnisstöðu og velsæld og byggist á nýsköpun og hugviti. Til að nýjar hugmyndir og ný verkefni nái framgangi er nauðsynlegt að huga vel að umhverfi þeirra. Í því ljósi er ánægjulegt að sjá áform um endurskoðun og að stuðningsumhverfi nýsköpunar verði endurskoðað með skilvirkni og einföldun að leiðarljósi.

Landsvirkjun tekur undir mikilvægi þess að nýjar lausnir verði hagnýttar til að takast á við samfélagslegar áskoranir, s.s. loftslagsmál, en framþróun og nýsköpun getur skipt sköpum í að markmið stjórnvalda um kolefnishlutleysi nái fram að ganga. Í því samhengi hvetur Landsvirkjun til þess að horft sé fram á veginn og lagður grunnur að næsta fasa orkuskipta, þ.e. í þyngri landsamgöngum, á hafi og í flugi.

Áhugi er á þróun nýrra lausna á þeim vettvangi og miklir möguleikar til staðar. Verkefni eru þó afar umfangsmikil en sem dæmi má nefna að áætluð styrktarþörf verkefnis fyrir orkuskipti tveggja flutningaskipa er u.þ.b. 2-3 milljarðar á ári í allt að 20 ár. Skýrar vísbendingar eru um að núverandi styrktarumhverfi sé ekki í stakk búið til að styðja við verkefni af þessari stærðargráðu og nægi ekki til að fyrirtæki geti skuldbundið sig vegna þeirra. Landsvirkjun hvetur þannig til þess að styrktarumhverfið verði endurskoðað m.t.t. upphæða, tímalengd styrkja og skilyrða fyrir veitingu þeirra í samhengi við önnur markmið stjórnvalda um orkuskipti og kolefnishlutleysi.

Virðingarfyllt,  
**Kristín Linda Árnadóttir**  
Aðstoðarforstjóri

**Rikardur Rikardsson**  
Framkvæmdastjóri viðskiptaþróun og nýsköpun